# Lög

## um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjóntækjafræðingar mæla sjón og fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur).

Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um menntunarskilyrði sem sjóntækjafræðingar skulu uppfylla til að mega mæla sjón og fullvinna sjónhjálpartæki.

Ráðherra getur í reglugerð takmarkað heimildir sjóntækjafræðinga til að mæla sjón hjá nánar tilgreindum hópum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júní 2004.

*Samþykkt á Alþingi 8. mars 2004.*